

Sýnataka úr nýra

Sýnið er oftast tekið úr nýra til að greina orsök og alvarleika nýrnasjúkdóms. Við sýnatöku eru tekin sýni með nál úr öðru nýranu til skoðunar undir smásjá.

Undirbúningur

Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita af ofnæmi fyrir lyfjum.

Ef notuð eru blóðþynnandi lyf eða önnur lyf sem hafa áhrif á blóðstorkuna þarf að láta lækni vita, því slík lyf geta aukið hættu á blæðingu í sýnatökunni. Hann tekur ákvörðun um hvort stöðva þurfi tímabundið notkun slíkra lyfja. Hætta þarf notkun þeirra allt að sjö dögum fyrir sýnatöku.

Blóðþynnandi lyf eru til dæmis Kóvar, Pradaxa, Eliquis, Persantin, Clopidogrel, Plavix, Ticlid, Efient, Brilique eða Hjartamagnýl/Aspirín.


Hætta þarf notkun bólgueyðandi lyfja eins og Íbúfen, Voltaren, Arthrotec, Vóstar, Hjartamagnýl/Aspirín og Naproxen sjö dögum fyrir sýnatökuna.

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna og lýsis viku fyrir sýnatöku þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu.

Blóðsýnataka

Fyrir sýnatökuna er nauðsynlegt að taka blóðsýni til að meta hvort blóðstorkan er eðlileg. Læknir veitir upplýsingar um hvar og hvenær blóðsýni er tekið en það er yfirleitt gert nokkrum dögum fyrir töku sýnis.



Kvöldið fyrir sýnatöku

Fasta

Ekki má borða í sex klukkustundir fyrir sýnatöku en drekka má vatn og aðra tæra drykki (1-2 glös í senn) þangað til tveimur klukkustundum fyrir sýnatöku. Tær drykkur er til dæmis vatn, tær ávaxtasafi, tærir orkurikar drykkir og mjólkurlaust kaffi og te. Á meðan á föstu stendur má taka inn nauðsynleg lyf með litlum vatnssopa.

Annar undirbúningur

Gott er að hafa með sér afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Sýnatakan

Mæting er á dagdeild skurðlækninga 13D á 3. hæð Landspítala við Hringbraut, á umsömdum tíma að morgni sýnatökudags.

Skrifa þarf undir samþykki fyrir sýnatöku. Stundum er settur grannur æðaleggur í handarbak eða handlegg svo hægt sé að gefa lyf eða vökva ef þörf krefur.

Sýnatakan er gerð á röntgendeild. Liggja þarf á grúfu eða á hliðinni. Þegar búið er að ákveða nákvæmlega hvar sýni verður tekið er svæðið sótthreinsað og gefin staðdeyfing. Nálarstungan sjálf tekur yfirleitt örstutta stund. Sýnið er tekið með sérstakri nál sem stýrt er á réttan stað með ómsjá. Algengast er að tekin séu tvö til þrjú sýni. Að lokinni sýnatöku eru settar umbúðir yfir stungustaðinn og sýni send í rannsókn.

Eftir sýnatöku

Búast má við að finna fyrir óþægindum yfir stungustað. Fylgst er með blóðþrýstingi og líðan og gefin verkjalyf eftir þörfum. Til að minnka hættu á blæðingu og til að stungugatið nái að lokast og gróa, er nauðsynlegt að liggja í rúminu í nokkrar klukkustundir. Fyrstu fjórar klukkustundirnar þarf að liggja á bakinu svo þrýstingur sé á stungustað. Eftir það má liggja í þægilegri stöðu í fjórar klukkustundir til viðbótar. Fasta þarf á mat og drykk fyrstu tvær klukkustundirnar eftir sýnatöku.

Fylgikvillar

Líkt og við önnur sambærileg læknisfræðileg inngrip geta komið fylgikvillar í kjölfar sýnatöku úr nýra. Alvarlegir fylgikvillar eru ekki algengir. Helstu fylgikvillar eru blæðing og verkir. Verkur við sýnatökustað getur varað í nokkrar klukkustundir. Ef blóð er sýnilegt í þvagi eða ef verkur er sár eða viðvarandi þarf að hafa samband við lækni.

Útskrift

Útskrift er fyrirhuguð um níu klukkustundum eftir sýnatöku en í sumum tilvikum er þörf á eftirliti á legudeild í allt að sólarhring.

Verkir

Við verkjum er ráðlagt að taka lyfið parasetamól (Panodil eða Paratabs) en ekki má nota Aspirín eða bólgueyðandi gigtarlyf (t.d. Íbúfen, Voltaren og Naproxen) í að minnsta kosti viku eftir sýnatökuna vegna aukinnar blæðingarhættu.

Stungustaður

Daginn eftir sýnatöku má fjarlægja plástur af stungustað og fara í sturtu.

Hreyfing

Forðast þarf erfiða líkamsrækt og að lyfta eða bera þunga hluti (yfir 5 kg) í eina til tvær vikur.

Akstur

Ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir sýnatöku.

Vinna

Í flestum tilvikum má snúa aftur til vinnu daginn eftir sýnatökuna en það fer eftir eðli starfs og líðan.

Eftirlit

Læknir hefur samband símleiðis eða boðar í viðtalstíma til að ræða niðurstöður rannsókna.

Kostnaður

Greitt er fyrir sýnatökuna. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf strax samband við skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um samband við meltingar- og nýrnadeild 12E ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Slæmir verkir
- Blæðing frá stungustað
- Blóð í þvagi
- Hiti hærri en 38° eða vaxandi slappleiki

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahúsins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
JANÚAR 2020
LSH-1502

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR NÝRNALÆKNINGA OG
DEILDARSTJÓRI DAGDEILDAR 13D

HÖNNUN:
SAMSKIPTADEILD